

Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi

Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Birting lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísam er ætlað að auðvelda heilbrigðisþjónustu og sveitarfélögum, þ.m.t. [Heilsueflandi samfélögum](#), að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan.

Hvað hefur áhrif á heilsu og líðan?

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan en sífellt kemur betur í ljós að heilsa fólks og heilbrigði jarðar helst í hendur. Góður samhljómur er þannig á milli [heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun og áhrifaþátta heilbrigðis. Sumum þáttum er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifaþættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataræði, hreyfingu og svefn og samskipti við fjölskyldu og vini. Þá geta lífsskilyrði eins og framboð, aðgengi og gæði menntunar, atvinnu, húsnæðis, heilbrigðis- og félagsþjónustu einnig haft mikil áhrif. Með því að hafa heilsu fólks og heilbrigði jarðar að leiðarljósi í allri stefnu- mótun og aðgerðum má skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólum, á vinnustöðum og í samfélögum almennt, sem stuðla að betri heilsu og vellíðan allra.



Svæðisbundinn munur á heilsu

Munur á heilsu og líðan eftir svæðum er þekktur um allan heim. Til þess að draga úr þessum mun þarf að fylgjast með mælikvörðum sem gefa hann til kynna, miðla þeim áfram og styðja þannig við forgangsróðun aðgerða á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Hjá embætti landlæknis er unnið að heilsueflingu á heildrænan hátt í gegnum Heilsueflandi samfélag, Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og Heilsu-

Norðurland

Hér eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir Norðurland eru frábrugðnar tölum fyrir landið í heild.

- Færri börn í 7. bekk með kvíðaeinkenni
- Gosdrykkjaneysla fullorðinna minni
- Ölvunardrykkja framhaldsskólanema minni og fleiri framhaldsskólanemar hafa aldrei notað ólögleg vímuefni
- Fleiri fullorðnir meta líkamlega heilsu sæmilega eða lélega
- Þunglyndislyfjanotkun meiri
- Fleiri leggjast inni á sjúkrahús vegna langvinnrar lungnateppu


eflandi vinnustaði. Áhersla er lögð á að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan allra. Á grundvelli svæðis- bundinna lýðheilsuvísa og Heilsueflandi samfélags geta sveitarfélög, heilbrigðisþjónusta og aðrir hagaðilar unnið markvisst saman að því að bæta heilsu og líðan allra íbúa.

Val á lýðheilsuvísam

Við val á lýðheilsuvísam er sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Einnig er leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabyrði sem mikilvægt er að heilbrigðis- þjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum. Mikilvægar stefnur og aðgerðaáætlanir sem snerta lýðheilsu eru hafðar til hliðsjónar. Þar má nefna heilbrigðis- og lýðheilsustefnu til ársins 2030, stefnu um lýðheilsu og aðgerðir sem stuðla að Heilsueflandi samfélagi frá 2016, stefnu Evrópudeildar WHO um heilsu kvenna frá 2016, aðgerðaáætlun WHO vegna langvinnra sjúkdóma frá 2013, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum frá 2020, heimsmarkmið Sameinuðu þjóð- anna og árlegar starfsáætlanir embættis landlæknis.

Gögn

Margvísleg gögn liggja til grundvallar útreikningum lýðheilsuvísa. Notuð eru gögn úr heilbrigðisskrám og könnunum embættis landlæknis, úr könnunum Rannsóknna og greininga, frá Hagstofu Íslands, Menntamálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands og úr Ískrá. Birtar eru upplýsingar úr gögnum sem nýjust eru hverju sinni. Nokkrir vísar eru aðgengilegir í gagnvirku [mælaborði lýðheilsu](#).



- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki er prófað fyrir marktækni
- | Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

Lýðheilsuvísir	Ár	Umdæmi	Ísland	Eining	Norðurland
Samfélag	1 Íbúafjöldi	2021	37.066	372.520	
	2 Íbúafjöldi (fjölgun/fækkun)	2017-21	2,8	8,5	%
	3 Fæðingar < 20 ára	2017-21	6,2	4,7	Á 1.000
	4 Háskólamenntaðir	2021	31,31	40,47	%
	5 Innflytjendur	2021	9,7	17,1	%
	6 Öryrkjar	2021	11,5	9,1	%
	7 Fjárhagserfiðleikar	2021	16,1	14,6	%
Lífnaðarhættir og líðan	8 Hamingja fullorðinna	2021	56,7	56,8	%
	9 Hamingja (10. b.)	2022	78,7	77,6	%
	10 Andleg heilsa góð/mjög góð, framhaldssk.	2021	41,0	45,0	%
	11 Einmanaleiki fullorðinna	2021	13,6	12,6	%
	12 Kvíðaeinkenni (7. b.)	2021-22	9,0	12,8	%
	13 Góður svefn (4. b.)	2021-22	62,5	62,1	%
	14 Virkur ferðamáti í skóla (1. b.)	2021-22	50,5	45,5	%
	15 Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi (8.-10. b.)	2022	51,3	50,7	%
	16 Erfið hreyfing, framhaldsskólanemar	2021	59,5	55,6	%
	17 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	2021	8,8	10,4	%
	18 Gosdrykkjaneysla fullorðinna	2021	21,5	25,9	%
	19 Orkudrykkjaneysla framhaldsskólanema	2021	28,7	30,4	%
	20 D-vítamín (1. b.)	2021-22	48,2	50,0	%
	21 Áhættudrykkja fullorðinna	2021	19,3	22,1	%
	22 Ölvunardrykkja framhaldsskólanema	2021	28,5	35,0	%
	23 Aldrei notað ólögleg vímuefni, framhaldssk.	2021	86,0	81,4	%
	24 Reykingar fullorðinna	2021	6,8	7,2	%
	25 Nikótínþúðanotkun framhaldsskólanema	2021	20,1	22,8	%
Heilsa og sjúkdómur	26 Líkamleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2021	40,7	36,4	%
	27 Andleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2021	31,0	29,7	%
	28 Þunglyndislyfja notkun, kk	2021	120,0	109,6	%
	29 Þunglyndislyfja notkun, kvk	2021	221,5	204,9	%
	30 Heilsugæsluheims. v/geð- og atferlisraskanar	2021	19,0	18,9	Á 100
	31 Geðlæknisheimsóknir	2021	6,7	10,7	Á 100
	32 Blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlín	2021	49,8	41,6	DDP
	33 Langv. lungnateppa, sjúkrahúslegur, kk	2017-21	155,4	103,2	Á 100.000
	34 Langv. lungnateppa, sjúkrahúslegur, kvk	2017-21	263,6	173,3	Á 100.000
	35 Ótímabær dauðsföll v/langvinnra sjúkdóma	2017-21	8,0	8,0	Líkur (%)
	36 Sýklalyfjaávisanir < 5 ára	2021	761,2	1.013,7	Á 1.000
	37 Bólusetningar barna, 12 mánn.	2022	94,3	93,3	%
	38 Inflúensubólusetning ≥ 60 ára	2020-21	55,5	51,2	%
	39 Skimun fyrir leghálskrabbameini	2021	65,0	65,0	%
	40 Skimun fyrir brjóstakrabbameini	2021	60,0	54,0	%
	41 Dánartíðni vegna krabbameina	2017-21	164,8	164,0	Á 100.000
	42 Almenn hjúkrunarrými	2021	67,9	56,2	Á 1.000
	43 Heilsugæsluheimsóknir	2021	2,9	2,8	Á íbúa
44 Sérfræðingsheimsóknir	2021	0,8	1,4	Á íbúa	

Skýringar

1. Hagst 2. Hagst 3. Fs. Fæðingar/1.000 kvk 15-19 ára. Aldursst 4. Hagst. 25-74 ára 5. Hagst 6. TR. 75% örorkumat eða endurhæfingarmat, 18-66 ára 7. Vöktun. Frekar/mjög erfið að ná endum saman 8. Vöktun. Svára 8-10 á hamingjukvarða (1-10) 9. R&G. Mjög/nokkuð hamingjusöm 10. R&G 11. Vöktun. Finna oft/mjög oft fyrir einmanaleika 12. Ísk. Oft/mjög oft einkenni um kvíða 13. Ísk. Gengur oft/alltaf vel að sofa á kvöldin 14. Ísk. Ganga/hjóla daginn sem spurt var 15. R&G. Æfa íþróttir ≥ 3x í viku 16. R&G. ≥ 3x í viku 17. Vöktun. ≥ 5x/dag 18. Vöktun. Sykraðir og/eða sykurlausir ≥ daglega 19. R&G. ≥ 4x í viku 20. Ískrá. D-vítamínjafi tekinn daginn sem spurt var 21. Vöktun. AUDIT-C samreikningur 22. R&G. ≥ 1x sl. mánn 23. R&G. Aldrei um ævina 24. Vöktun. Daglega 25. R&G. ≥ 1x sl. mánn 26. Vöktun 27. Vöktun 28. Lgg. ATC: N06A. Aldursst 29. Lgg. ATC: N06A. Aldursst 30. Sh. Öll viðtöl. ICD-10: F10-F69, F90-F99 31. Sí 32. Lgg. ATC: A10B. Aldursst 33. Vsh. ICD-10: J40-J44.9, J47 (ekki Asmi). Aldursst. ≥ 15 ára 34. Vsh. ICD-10: J40-J44.9, J47 (ekki Asmi). Aldursst. ≥ 15 ára 35. Dms. ICD-10: I00-I99, C00-C97, E10-E14, J30-J98. 30-69 ára 36. Lgg. ATC: J01. Aldursst 37. Bss. Uppsafnað, árg. 2020. DTaP-IVP-Hib 38. Bss. Uppsafnað, ≥ 60 ára 39. Skim. Uppsöfnuð 3,5 ára mæting 23-65 ára 40. Skim. Uppsöfnuð 2ja ára mæting 40-69 ára 41. Dms. ICD-10: C00-C97. Aldursst 42. Hrn. ≥ 67 ára 43. Sh. Öll viðtöl 44. Sí.

Marktækt er miðuð við 95% öryggismörk (p<0,05).

Aldursstöðlun (Aldursst.) er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Sama staðalþýði er notað fyrir öll heilbrigðisumdæmi, konur og karla. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er túlkúð sem sú tíðni sem fengist hefði ef aldursdreifing hvers heilbrigðisumdæmis væri sú sama og í staðalþýðinu (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

DDP: Skilgreindir dagskammtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Gögn: Bólusetningaskrá (Bss), Dánarmeinasrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Hagstofa Íslands (Hagst.), Heilbrigðisráðuneytið (Hrn), Ískrá (Ísk), Lyfjagagnagrunnur (Lgg), Rannsóknir og greining (R&G), Samskiptaskrá heilsugæslustöðva (Sh), Sjúkratryggingar Íslands (SÍ), Skimunarskrá (Skim), Tryggingastofnun ríkisins (TR), Vistunarskrá heilbrigðisstofnana (Vsh), Vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis (Vöktun).